

Sþ. 403. Tillaga til þingsályktunar

um stofnun þjóðvarðar.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um sjólögreglu og þjóðvörð.

Greinargerð.

Íslendingar eru nú frjáls og sjálfstæð þjóð. Á hverri slikri þjóð hvílir sú skylda að halda friði og lögum í landinu og að verja landið og frelsið móti árásum óvinveittra þjóða. Aðstaða íslenzku þjóðarinnar er nokkuð sérstæð í þessu efni. Þjóðin gerir hvorugt. Hér er ekki haldið uppi friði og reglu innanlands, af því að skort hefur skilning á þessu meginatriði menningarinnar. Um vörn gegn aðkominni hættu hefur aldrei verið að tala. Hver sjóræningi, sem nálgast strendur landsins, gat öldum saman leikið landsfólkið svo grálega sem henta þótti. Síðustu þrjár aldirnar hefur brezki flotinn starfað óumbeðið og óumsamið að löggæzlu í Atlantshafi norðanverðu. Íslenzka þjóðin hefur lifað örugg í skjóli hans, þar til flugtæknin bar nýja hættu að landinu. Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki til gæzlu heimsfriðarins annað fram að leggja en ósamlyndi og félagslegan vanmátt. Vita þjóðirnar á Balkanskaga og í Mið-Evrópu, hver örlög bíða nú á tímum þjóða, sem eiga ágjarna nágranna og búa í fjarlægð frá menningar- og herveldi Engilsaxa. En þessi hlið þjóðvarnanna verður ekki rædd hér að þessu sinni.

En þó að Íslendingar verði að viðurkenna, að þeir séu ekki færir til að hrinda vopnuðum árásum erlendra þjóða, þá er hitt augljóst, að ef þjóðin er ekki fær um að halda uppi viðunandi löggæzlu í landhelginni og á landi, þá getur hún ekki talizt sjálfstæð og ekki siðmenntuð þjóð. Þar sem lögín eru ekki í gildi, er skrílveldið komið í hásetið og steypir sér sjálfu og þjóðinni í tortímingu. Sem betur fer, er ekki ástæða til að óttast þessa hættu hér á landi. Þjóðin getur varið lög og rétt á landi og í landhelginni, ef hún vill. En fram að þessu hefur það ekki tekizt. En svo má ekki lengur til ganga.

Eftir að fjölmenni tók að vaxa á tilteknum stöðum hér á landi, hefur nokkrum sinnum komið til skríluppota, þar sem æstur og villtur múgur hefur leitazt við að taka sér í hendur um stundarsakir stjórn-gæzluna af löglegum aðilum. Er fyrst þess að minnst, þegar skríll sótti vikulangt að Tryggva Þórhallssyni forsætisráðherra og fjölskyldu hans vorið 1931. Ári síðar sneri skríllinn reiði sinni gegn Knud Zimsen borgarstjóra og bæjarstjórn Reykjavíkur. Var lögreglulið Reykjavíkur þá brotið niður með mikilli grimmd og siðleysi. Síðan þá hefur öllum mátt vera ljóst, að Ísland verður ekki réttarríki, fyrr en svo er um breytt, að

skrill, sem kann að vera til í landinu, hefur ekki aðstöðu til að hindra með ofbeldi löglegar stjórnaraðgerðir. Næstu sögulegu átökin urðu haustið 1946, þegar skrill, sem var æstur til óhæfuverka af ábyrgðarlausum aðilum, brauzt inn í félagsheimili Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og veitti síðan tveim æðstu starfsmönnum Þjóðfélagsins, forsætisráðherra og borgarstjóra, aðgöngu, þannig að líf þeirra var í hættu, ef hin veika bæjarlögregla hefði þá ekki getað veitt nokkurt viðnám. Vald Þjóðfélagsins var svo veikt, að einn af leiðtogum spellvirkjanna heimtaði úrskurð dómsmálaráðherra fyrir þeirri sjálfsgöðu aðgerð að dreifa upphlaupsliðinu með táragsi. Síðan lögreglan beið sinn mikla ósigur 9. nóvember 1932, hefur hana vantað öryggi til starfs, ef eitthvað reyndi á, enda var líka í þetta sinn látið undan hótun ofbeldismannanna, eins og þeir höfðu ætlað til. Hliðstætt dæmi um vanmátt Þjóðfélagsins er, að eitt af verkalýðsfélögum Reykjavíkur tilkynnti lögreglunni fyrir löngu, þegar stóð á kaupdeilu, að félagið hefði til sinna verka hálfu meiri liðsafla heldur en ríkisvaldið. Mörg dæmi eru þess, önnur en þau, sem hér eru talin, að ójafnaðar- og óspektarmenn telja sér fært að hafa sitt mál fram með ofbeldi, hvað sem liður lögum og rétti í landinu.

Þetta eru mikil missmiði. Ekkert Þjóðfélag, sem ætlar að lifa, lætur skríl stýra málum í landi. Truman, Stalin, Stauning, Per Albin Hanson, Gerhardsen og Atli hinn brezki hafa allir beitt ríkisvaldinu gegn óróaseggjum, sem spilltu borgaralegum friði. Stalin beitir leynilögreglunni, lögreglunni og hernum gegn öllum, sem samþýðast ekki stjórn hans. Stauning lét lögreglu, sem var grá fyrir járnum, bæla niður óspektir, hliðstæðar árásum kommúnista á Íslandi í sambandi við flugvallarsáttmálann. Hér á landi mundi lýðræðismönnum þykja ófært að beita sams konar hörku eins og stjórnarvöld Rússa hafa uppi við verkamenn í sínu landi, því að þeir mega hvorki í orði né verki njóta frelsis og allra sízt semja um kaup og kjör eða framkvæma vinnustöðvun. Hins vegar hefur Atli, forsætisráðherra Breta, hvað eftir annað notað hermenn og herbíla til flutninga til að fyrirbyggja almenna hungursneyð í flutningaverkföllum. Af þessu má sjá, að ríkisstjórnir borgaranna, kommúnista og krata eru sammála um að láta ríkisvaldið vera húsbónda á Þjóðarheimilinu og beita nauðsynlegu valdi í því skyni. Hér hafa ýmsir af leiðtogum stéttarfélaganna, einkum kommúnistar, haldið fram þeirri fjarstæðu, að þeim og þeirra stallbræðrum ætti að vera leyfilegt að beita ofbeldi til framdráttar baráttumálum sínum. Vel máttu þessir menn þó sjá, að þar sem stallbræður þeirra ráða ríkjum úti í löndum, er verkalýðnum bannað að hera sigurlaunin heim á spjótsoddum. En móttöðu þessara manna má kenna um, að fáeinir stigamenn, útlendir eða innlendir, geta, hvenær sem þeim þóknast, beitt skrílraði við æðstu trúnaðarmenn íslenska Þjóðfélagsins. Ef unnt á að vera að halda hinu nýstofnaða lýðveldi lifandi og starfhæfu, verður að gefa ríkisstjórninni vald til að vera óháð gegn skrílraði. Til þess þarf að koma á fót skipulegri sjólögreglu og vel þjálfuðum Þjóðverði. Er þar átt við sjálfboðaliða, sem ríkisstjórnin gæti gripið til í þeim sjaldgæfu tilfellum, þegar ofsamenn gera sig líklega til að beita skrílraði, en ekki lögum, til að koma fram áhugamálum sínum. Í sjólögreglunni yrðu að vera allir starfsmenn á varðskipum og varðbátum landsins. Skyldi þar vera valinn maður í hverju rúmi og svo vel æft lið, að hver maður í þeirri sveit gæti gegnt foringjastöðu í Þjóðverðinum, þegar með þarf. Í Þjóðverðinum mundi hæfilegt að hafa um 2000 menn á öllu landinu, frá tvítugsaldri og fram undir þrítugt. Þar yrði að gæta mikillar varúðar. Þjóðvarðarmenn yrðu að vera fúsir til starfsins, trúir Þjóð sinni og vestrænu frelsi. Þeir yrðu að skilja til fulls, að skrílraði er eitur í hverju Þjóðfélagi og að sjálfboðastarf þeirra er líftrygging Þjóðarinnar gegn yfirvofandi hættu. Sennilega munu sumir menn mæla, að ekki sé leggjandi á unga menn slík byrði án endurgjalds. Þyngri er herskyldu- og heræfingakvöð ungra manna í öðrum menntalöndum. Dýrt varð mörgum kynslóðum ungra manna hér á landi fyrr á öldum, að hið fyrra lýðveldi hafði ekki Þjóðverði á að skipa til að halda í skefjum upphlaupsmönnum og skríl, sem

tótum trúð lög og rétt og leiddi margra alda kúgun og áþján yfir þjóðina. Um og eftir tvítugsaldur er mörgum ungum mönnum mjög hugstætt að iðka margháttadar íþróttir. Leggur mannfélagið fram árlega stórar fjárhæðir til að greiða götu slíkra manna. Mætti það kallast meðalskömm, ef hinir stæltu íþróttamenn væru svo veikgeðja, að þeir gætu ekki nokkrum sinnum á ævinni innt af hendi þegnskaparskuld við að halda ölvuðum mönnum eða æstum skrill frá skaðsemdarverkum. Í sveitum landsins er nú víða svo ástatt, að um leið og fólkið í byggðinni hefur komið sér upp fundarhúsi, þar sem leið liggur nærri, þá er tæplega hægt fyrir heimamenn að koma saman í sínu félagshúsi fyrir ölvuðum ofbeldismönnum. Er í þeim sveitum ekki nema um tvennt að gera, að fella niður almenna mannfundi eða koma upp þjóðverði af innansveitarmönnum og taka drykkjudólgana úr umferð og helzt með einhverjum þeim hætti, að þeir taki upp betri síði. Í þéttbýlinu reynir meira á að tryggja starfsmönnum þjóðfélagsins vinnufrið. Ef skrill sá, sem réðst inn í Sjálfstæðishúsið til að hræða starfsmenn ríkis og bæjar, hefði vitað, að í hænum væri lögregla, sem beitti tágasi og vatnsbunum á alla ofbeldismenn, sem röskuðu borgfriðnum, og að baki þessum löggæzlumönnum stæði mannmargur og vel æður þjóðvörður, þá hefði oftnefndur skrill látið sér nægja að hlusta á æsingaræður í barnaskólalportinu, en sparað sér hermdarverkin. Varnarleysi landsins er eggjun til hinna spilltu afla þjóðfélagsins að beita yfirgangi og ofstopa, því að stjórnarvöldin geta engu af sér hrundið. Hingað til hefur engri þjóð tekizt að vernda borgfriðinn nema með réttlátum lögum og valdi.

Mótþrói sá, sem reis gegn varalögreflufrumvarpi Jóns Magnússonar 1925, spratt af því, að líkur bentu til, að með þeim liðsafla ætti að blanda sér í kaupdeilur til óhagnaðar verkamönnum. Nú mundi engum manni koma til hugar að beita þjóðverði á þann hátt, heldur eingöngu til að halda uppi lögum og rétti í landinu. Í einræðislöndunum öllum eru verkamenn beittir stöðugri þvingun í skjóli hers og lögreglu, en í þingstjórnarlöndunum er þetta aldrei gert. En í þeim löndum er engum manni og engri stétt leyft að beita ofbeldi til að koma fram málum. Er það og alkunna, að um öll Norðurlönd og í löndum Engilsaxa er jafnaðarmannaflokkunum hið mesta áhugamál, að lög landsins séu í heiðri höfð. Telja þeir höfuðstefnumun milli þeirra og kommúnista, að kratar allra landa beiti eingöngu friðsamlegum aðferðum til að koma fram áhugamálum. Eru frá stjórnur Vesturlanda mörg og glögg fordæmi um, hversu fylgismenn þingstjórnarskipulagsins beita lögreglu móti ofbeldislyð, en aldrei til að kúga nokkra stétt í kaupgjaldsmálum. Hér á landi geta engir nema sanntrúaðir ofbeldismenn verið andvígir þeirri stefnu að halda uppi friði í landinu með lögreglu, sjólögreglu og þjóðverði. Allir aðrir hafa hagnað og sæmd af því, að friður ríki í landinu og að skrílraði nái aldrei að festa hér rætur.

Vel á við að taka dæmi um, hversu nota beri þjóðvörð hér á landi. Þegar annar strengur Ölfusárbrúarinnar slitnaði fyrir nokkrum árum mátti engu muna, að öll brúin félli í ána. Þá mundi um nokkurra missera skeið hafa orðið hin háskalegasta samgöngustöðvun á Suðurlandi. Reykjavík hefði skort mikið af þeirri mjólk, sem þar þarf að nota daglega, og sveitir austanfjalls lent í mesta vanda. Þá stýrðu kommúnistar verkfalli í Reykjavík og bönnuðu mönnum, sem þeir réðu yfir, að leggja fram fáein dagsverk til að bjarga brúnni. Vitaskuld hafði sú vinna enga þýðingu fyrir úrslit þessarar vinnudeilu. Hér var um að ræða þegnskap eða mannfélagsafbrot. Menn, sem voru óháðir verkfallslíðinu, björguðu brúnni og öllu Suðurlandi. Undir slíkum kringumstæðum þarf mannfélagið að geta gripið til sinna ráða. Þjóðvörðurinn yrði að láta frið og reglu sitja í fyrirrúmi, en ekki einstaklingshagsmunum.

Annað dæmi skýrir málið glögglega. Ef hér væri almennt verkfall með múgæsingum, líkt og út af flugvallarsamningnum 1946, gæti skefjalaus forustuklíka talið viðeigandi að skera sundur rafleiðslur til bæjarins eða láta hitaveituvatnið streyma úr leiðslunum utanbæjar. Hér væri skemmdarverkum blandað í kaup-

deilu, algerlega utan við eðlilegan og löglegan baráttuvettvang. Undir því líkum kringumstæðum væri það óhjákvæmilegt hlutverk þjóðvarðar að hindra skemmdarverkin og hjálpa verkfallsmönnum til að fylgja í félagsmáladeilum lögum og landsrétti. Þeir verkamenn, sem vilja hafa þjóðfélagið vanmáttugt til að geta haft sér-mál sín fram með ofbeldi, geta blaðað í spjöldum sögunnar til að finna svar. Þeir munu aldrei finna þess dæmi, að verkamenn hafi bætt kjör sín og sinna með skrilæsingum eða hermdarverkum. Þeir menn, sem fæðast á Íslandi, vaxa hér upp og ætla að bera hér byrðar lífsins, geta ekki átt aðra ósk sér hallkvæmari en að mega lifa í lögbundnu og vel skipulögðu mannfélagi. Skrilræði er mesti háski hvers þjóðfélags. Þar sem skrillinn stýrir í dag, situr harðstjórinn í hásetinu á morgun.

Íslenska þjóðin er nú varnarlaus gegn erlendum árásum, svo sem mest má vera. Og hún er þar að auki svo vanmáttug gegn skrilræði, að hvað eftir annað hefur æstur götulýður ógnað löglegum yfirvöldum landsins og höfuðborgarinnar og í eitt skipti, 9. nóv. 1932, haft mál sitt fram með ofbeldinu einu saman. Við slíkt ástand er ekki unandi fyrir þroskaða þjóð, sem ann sæmd sinni. Þjóðfélagið verður æðíð og undir öllum kringumstæðum að hafa mátt til að halda uppi borgfríðnum og lögum landsins. Það er hægt með þeim úrræðum, sem hér er bent á, en ekki á neinn annan veg. Ef hinir ungu íþróttamenn landsins hafa ekki andlega, siðferðilega og líkamlega orku til að geta tekið sér á herðar hinar nauðsynlegu byrðar við að halda uppi lögum og rétti í landinu, þá hefur hinn eldri kynslóð, sem braut af þjóðinni aldagamla fjötra, mjög skjátlazt um dáðmagn þeirra, sem fá í hendur þann arf, sem dýrmætastur er, en það er frelsið. Sem betur fer, mun æska landsins sýna í verki, þegar á reynir, að hún þekki sinn vitjunartíma, og taka fúslega að sér nauðsynlega þátttöku við að halda uppi lögum og siðmenningu í landinu.